

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag í Byggðarhorni, lóð 22.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. desember 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi í Byggðarhorni, lóð 22 í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 23. apríl 2007 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 28. júní til og með 26. júlí 2007 með athugasemdafresti til og með 9. ágúst 2007.

*Deiliskipulag íbúðarsvæðis vestan Kaðlastaða á Stokkseyri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. desember 2007 tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar vestan Kaðlastaða á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 12. júlí 2007 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 6. september til og með 4. október 2007 með athugasemdafresti til og með 18. október 2007.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 27. desember 2007.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.